

Ráðandi öflum í Bretlandi bregður-samhljómur í málflutningi skozkra þjóðernissinna og Ukip

Eftir Styrmi Gunnarsson

Það var athyglisvert að heyra hvernig Alex Salmond, leiðtogi skozkra þjóðernissinna talaði við Boga Ágústsson, fréttamann RÚV í gærkvöldi, þriðjudagskvöld. Hann talaði sérstaklega um þann hroka, sem einkenndi stjórnámálamennina í London.

Það kveður við sama tón í fréttaskýringu á heimasíðu BBC eftir Ben Wright, sem er stjórn málafréttamaður BBC. Hann segir að allt hafi breytzt. Stjórnámálamennirnir í Westminster nái ekki áttum. Þeir finni að jörðin brenni undir fótum þeirra. Þeim hafi aldrei dottið í hug að til þess gæti komið að Skotland yfirgæfi brezka konungdæmið.

Fréttamaður BBC segir að þessi breyting hafi verið að búa um sig árum saman. Ekki bara vegna aukins stuðnings við þjóðernissinna í Skotlandi heldur vegna minnkandi trúar almennings á stjórnámálamenn.

Margt hafi komið til en ekki sízt útgjaldahneykslið á árinu 2009, þegar í ljós kom hvernig stjórnámálamennirnir notfærðu sér aðgang sinn að skattfé almennings.

Harkaleg gagnrýni Nigel Farage, leiðtoga Ukip á ráðandi öfl í Bretlandi sé að sumu leyti samhljóma gagnrýni skozkra þjóðernissinna.

Ben Wright segir að þjóðaratkvæðagreiðslan í næstu viku hafi vakið Skota upp en hún hafi líka vakið upp áleitnar spurningar í London.

Hvernig á að stjórna og í hverra höndum á valdið að vera, spyr fréttamaðurinn.

Getur verið að þjóðaratkvæðagreiðslan um Icesave hafi vakið upp svipaðar spurningar hér?